

1861. staðabrauðs, sem nú er sameinað, en þér, herra stiptamtmaður, 31. október. og þér, háæruverðugi herra, afsalið af hálfu hins fyrrveranda Flugumýrar og Hofstaðabrauðs, til ríkissjóðsins eignarrétt yfir Hjaltastöðum með hjáleigum þeirrar jarðar, þeim er áður eru nefndar; hefir Havstein amtmanni í dag verið ritað um það, er með þarf um þetta mál, og skal nú skorað á yður, að þér hlutist til um það sem nauðsyn er á frá yðar hálfu í þessu efni, og eigið þér að senda amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu afsalsbréf það, er þér tilbúið, eptir því sem nú hefir sagt verið, til þess að hann geti látið þinglesa það, m. m.

31. október. **76. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um jarðaskipti á Viðvík og Hjaltastöðum m. m.**

Stjórnarráðinu hefir verið skýrt frá, að nú sè búið að leggja Flugumýrar og Hofstaða sóknir í Skagafjarðar sýslu: hina fyrnefndu til Miklabæjar brauðs og hina síðar nefndu til Hóla og Viðvíkur brauðs í sömu sýslu, svo sem ákveðið var í konungsúrskurði 25. septemberm. 1854. Eptir því sem fyrir er mælt í konungsúrskurði þessum, ber því nú að afsala Hóla- Viðvíkur- og Hofstaðabrauði, sem þannig hefir verið sameinað, þjóðjörðina Viðvík til eignar fyrir bújörð handa hlutaðeigandi prests, en í stað þess eignist ríkissjóðurinn Hjaltastaði, er fyrrum var lènsjörð prests.

Í þessu efni skal þess nú getið, að stiptyfirvöldunum á Íslandi í dag hefir verið boðið að afsala ríkissjóðnum af hálfu fyrrveranda Flugumýrar- og Hofstaða brauðs eignarrétt yfir jörðinni Hjaltastöðum með hjáleigum þeirrar jarðar, Hjaltastadakoti og Hjaltastadahvammi, og að senda yður síðan afsalsbréf þau, er þau eptir þessu eiga að útgefa; en dómsmálastjórnin skorar hær með á yður, herra amtmaður, að þér fyrir hönd stjórnarinnar afsalið Hóla- Viðvíkur og Hofstaða brauði, sem nú er orðið eitt brauð, eignarréttinn yfir jörðinni Viðvík, svo að sú jörð verði höfð fyrir ábúðarjörð handa sóknarprestinum í því brauði,

allt þetta samkvæmt því, sem fyrir er mælt í konungsráðgjafi 1861.
 25. septemberm. 1854; þar að auki eruð þér beðnir að annast 31. október.
 um, að eigna afsalanir þessar verði þinglesnar á réttan hátt, og
 að jörðin Hjaltastaðir með hjáleigum hennar verði lögð undir
 umboð Reynistaðar klausturs jarða.

Þegar búið er að koma á jarðaskiptum þessum, eruð þér
 beðnir að senda hingað skýrslu um það.

77. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtamannsins 31. október.
 yfir Íslandi, um hlutdeild Íslendinga í gripasýning
 í Lundúnaborg.

Þér hafið, herra stiptamtamaður, fengið álit landfógetans á
 Íslandi, dómkirkjuprestsins í Reykjavík, og Jóns Guðmundssonar,
 setts málaflutningsmanns við yfirdóminn, um það, hvort Ísland
 muni geta átt hlutdeild í gripasýning þeirri, sem áformað er
 að haldin verði í Lundúnaborg næstkomandi ár; og hafið þér í
 bréfi 30. f. m. getið þess, að ef nokkuð eigi að geta orðið af
 þessu, þá sé óumflýjanlegt, að í því skyni sé veittur styrkur af
 hálfu hins opinbera, og beðið um, að dómsmálastjórnin láti yður
 vita, hvort búast megi við, að slíkur styrkur verði veittur, og
 hve mikill hann þá verði; hafið þér og lýst yfir því áliti yðar,
 að ekki muni vera þörf á að verja í þessu skyni eins miklu fê,
 og þeir menn, sem að ofan er getið, hafa stungið upp á, en
 það er frá 800 til 1000 ríkisdalir, er þér haldið að minna fê,
 t. a. m. helmingur af þessu, mundi nægja, með því þér kveðist
 hafa ástæðu til að halda, að einstöku menn muni á sinn
 kostnað láta af hendi þá hluti, sem þeir vilja að komi fram
 á gripasýningunni, en aptur seu aðrir hlutir, sem kaupa verði
 af eigendunum, og að til þess ætti að verja þeim hinum opin-
 bera styrk, er veittur kynni að verða.

Um leið og dómsmálastjórnin leiðir athygli yðar að því, hvernig
 áformað er að máli þessu verði hagað hér í konungsríkinu, svo
 sem betur má sjá af meðfylgjandi athugasemdum við fjárlaga